



Samningur vegna starfa dansks farkennara

Menntavísindasvið við Háskóla Íslands og Skólaskrifstofa Hafnarfjarðarbæjar gera með sér eftirfarandi samning vegna starfa og dvalar dansks farkennara í skólum í sveitarfélaginu. Samningurinn er gerður í tengslum við danskt- íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu á Íslandi.

Markmið

Markmiðið með verkefni því sem samningur þessi kveður á um er að veita fræðslumiðstöðum og skólaskrifstofunum tækifæri til að efla dönskukennslu í grunnskólum á sínu svæði – sérstaklega m.t.t. bættrar kennslu í munnlegri tjáningu og miðlun danskrar menningar.

Tilhögun

Tilhögunin er sú að danski farkennarinn, Rikke Undall, starfar í Hafnarfirði á skólaárinu 2014-2015. Ef um er að ræða samstarf á milli fleiri sveitarfélaga mun Skólaskrifstofa Hafnarfjarðarbæjar sjá um að miðla upplýsingum og gera samstarfssamning milli þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu.

Starfslýsing danska farkennarans

Danski farkennarinn á

- að vinna að því að bæta munnlega og skriflega færni nemenda í dönsku
- að brydda upp á nýjungum í dönskukennslu í samstarfi við dönskukennara skólanna
- að taka þátt í að þróa dönskukennsluna
- að vekja áhuga á nýbreytni í sambandi við gerð og notkun kennsluefnis í dönsku
- að vinna að miðlun danskrar menningar
- að skipuleggja námskeið fyrir dönskukennara í sveitarfélaginu, (og ef aðstæður leyfa í nágrennasveitarfélögum) í samstarfi við danskan lektor á dönskusviði Menntavísindasviðs við Háskóla Íslands og skólaskrifstofuna.

Samvinnan milli farkennarans og dönskukennara skólanna byggi á mismunandi kennsluaðferðum þar sem áhersla er sérstaklega lögð á munnlega færni í dönsku. Þannig gefist nemendum tækifæri til að tala og hlusta á dönsku eins og hún er töluð í Danmörku.

Tilgangur með verkefninu og ávinningur af því eru m.a. eftirfarandi:

- Dönskukennarar skólans fá stuðning við að vinna að tilrauna- og þróunarstarfi í kennslu sinni.
- Starf farkennarans styður við og er hvetjandi fyrir dönskukennsluna, m.a. með því að farkennarinn hjálpi með að innleiða mismunandi kennsluaðferðir.
- Farkennarinn leggur sérstaka áherslu á að auka munnlega færni nemenda í dönsku.
- Kennarar í skólum sveitarfélagsins fá aukna möguleika á að tjá sig á dönsku og fylgjast með dönsku þjóðlífi.

Í heild má líta á verkefnið sem þróunarverkefni í samstarfi við kennara á staðnum. Slíkt samstarfsform hefur mikið yfirfærslugildi en gerir jafnframt kröfu um mikla persónulega virkni og aðlögun einstaklingsins að því skólasamfélagi sem um ræðir.

Fjármál

Danska menntamálaráðuneytið greiðir laun danska farkennarans ásamt ferðum til og frá Íslandi. Íslenska menntamálaráðuneytið styrkir sveitafélagið með ISKR 100.000,- á mánuði til að niðurgreiða kostnað sem tengist móttöku farkennarans.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðarbæjar

- leggur til húsnæði. Gert er ráð fyrir 2ja herbergja íbúð (að lágmarki) með húsgögnum. Húsnæðið verður aðsetur farkennarans á meðan á dvöl hans stendur en að auki gæti verið þörf fyrir tímabundna gistingu vegna starfa farkennarans í umdæminu fjarri föstu aðsetri hans.
- greiðir kostnað við ferðir farkennarans um umdæmið, m.a. tímabundna gistingu ef þörf krefur.
- greiðir kostnað við tengingu síma og veraldarvefsins.

Ef um er að ræða samstarf milli fleiri sveitarfélaga gera þau milli sín samning varðandi kostnað vegna farkennarans.

Menntavísindasvið við Háskóla Íslands og danska menntamálaráðuneytið greiða útgjöld vegna samstarfsfunda farkennara, svo og vegna undirbúningsnámskeiðs sem efnt verður til fyrir farkennara í upphafi dvalarinnar. Fyrrgreindir samstarfsfundir með dönskum lektor við Menntavísindasvið og öðrum starfandi farkennara eru haldnir tvisvar á skólaönn, og að auki eru haldnir matsfundir með samstarfsaðila á Menntavísindasviði og fulltrúa frá danska menntamálaráðuneytinu í október .

Tímasetning

Danski farkennarinn hefur störf 1. september 2014 og lýkur störfum í sveitarfélaginu í júní 2015.

Húsnæðismál

Við val á húsnæði fyrir farkennara er gert ráð fyrir að sveitafélagið og skólaskrifstofan finni og leggi til 2ja herbergja (að lágmarki) íbúð með húsgögnum, síma og nauðsynlegum heimilisbúnaði, þar sem farkennari hefur fast aðsetur. Farkennarinn greiðir kostnað vegna rafmagns og hita og farkennarinn greiðir einnig sjálfur afnotagjöld og notkun af vefaldarvefnum, síma og sjónvarpi.

Framkvæmd

Dagleg framkvæmd og skipulagning á starfi farkennara er í höndum sveitarfélagsins / skólaskrifstofu, er tilnefnið starfsmann sem fastan tengilið við farkennarann. Einnig er æskilegt að sveitarfélagið/skólaskrifstofan tilnefni dönskukennara sem faglegan tengilið við farkennarann.

Til að tryggja bestan faglegan árangur af starfi farkennarans skal miða við eftirfarandi:

1. Farkennarinn starfi í hverjum skóla í fjórar til sex vikur í sinn.
2. Skólinn tilgreini með góðum fyrirvara hvaða kennari/ar muni taka á móti og starfa með farkennaranum.
3. Við val á kennurum og skólum skuli þau sjónarmið höfð í huga að reynsla farkennarans nýtist þegar til lengri tíma er litið.
4. Allir dönskukennarar sem munu taka þátt í samstarfi við farkennarann hafi fengið upplýsingar í hendur um leið og skólastarf hefst eftir sumarfrí og áður en farkennari hefur störf.
5. Farkennarinn vinnur ekki sem forfallakennari.

Nauðsynlegt er að sveitarfélagið / skólaskrifstofan undirbúi komu farkennarans tímanlega áður en skólastarf hefst, m.a. með því að ganga frá starfsáætlun og sjá til þess að skólastjórnendur tilnefni tengilið í skólanum.

Reykjavík 10. júní 2014

Fyrir hönd Skólaskrifstofu
Hafnarfjarðarbæjar


Magnús Baldursson


Fyrir hönd Menntavísindasviðs
við Háskóla Íslands


Michael Dal
